

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskivörpu á Glettinganesgrunni án smáfiskaskilju.

1. gr.

Frá og með 25. nóvember 2004 eru veiðar með fiskivörpu á svæði á Glettinganesgrunni því aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 805, 28. október 2003, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 34'00 N - 13° 09'20 V
2. 65° 34'00 N - 12° 51'30 V
3. 65° 31'00 N - 11° 54'40 V
4. 65° 27'90 N - 11° 51'30 V
5. 65° 22'30 N - 13° 05'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. nóvember 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Stefán Ásmundsson.